

Aðalfundur Fonts,

haldinn 28. september 2018 samþykkir eftirfarandi:

Tillögur til 34. aðalfundar Landssambands smábátæigenda

1. Aðalfundur Fonts lýsir ánægju sinni með þá tilraun sem gerð var á strandveiðum á sl. fiskveiðiári. Fontur leggur áherslu á að strandveiðar að verði heimilaðar 4 daga í hverri viku í þá 4 mánuði sem veiðarnar má stunda.

Breytingin er nauðsynleg til að bregðast við fækkun báta sem stundað hafa strandveiðar á sl. tveimur fiskveiðiárum. Aðrar reglur óbreyttar.

2. Aðalfundur Fonts mótmælir kvótasetningu á grásleppu.
3. Aðalfundur Fonts hafnar því að bátar í krókaflamarkskerfinu megi veiða í net.
4. Aðalfundur Fonts hafnar öllum áformum um eftirlitsmyndavélar um borð í smábátum.
5. Aðalfundur Fonts mótmælir niðurstöðum starfshóps í skýrslu til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra varðandi lokun svæða fyrir handfæraveiðum.